

8. febrúar 1979.

105

Nr. 65.

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Reykjavíkur.

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim sem gerð hafa verið og verða gerð eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatns-magn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur, og er samstarfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

II. KAFLI.

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 103.50 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Hitaveitunni er heimilt að selja heitt vatn um stillanlegan, sjálfvirkkan hemil, og miðast þá gjald til hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámarksrennsli, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseigenda frá tengidegi til 1. mars næst á eftir, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. mars ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

Gjald fyrir hvern mínútulitra er kr. 27 200.00 á ári. Þar til vatnsmælir eða hemill hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir eða hemill bilar, áætla hitaveitan vatns-notkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla eða aukahemla, ef þess er óskað.

4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og hemla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli eða hemil skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði:

a. Fyrir mæla eða hemla allt að $\frac{3}{4}$ "	kr. 897.00
b. Fyrir mæla eða hemla 1"—2"	kr. 2 013.00
c. Fyrir mæla eða hemla 3" og stærri	kr. 4 025.00

B 14

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mælisálestur ef selt er eftir vatnsmæli, en miðast við mánaðamót ef um hemil er að ræða.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 1 877.00.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

7. gr.

Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:
Rúmmál húss:

Rúmmál húss: (utanmál) m ³	Heimæðargjald	
Allt að — 400	287 365.00 kr.	
400 — 2000	287 365.00 kr. fyrir	400 m ³ + 230.00 kr./m ³ þar yfir.
2000 — 6000	655 365.00 kr. fyrir	2000 — + 196.00 — þar yfir.
6000 — 10000	1 437 365.00 kr. fyrir	6000 — + 172.00 — þar yfir.
Meira en 10000	2 127 365.00 kr. fyrir	10000 — + 151.00 — þar yfir.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum eða hemlum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 34 500.00 í aukagjald fyrir hvern mæli, eða hemil umfram þann fyrsta.

8. gr.

Hitaveitu Reykjavíkur er heimilt að hækka eða lækka hitaveitugjöld í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar breytist. Þó skal meðalheildarkostnaður við hitun húsa með hitaveitu ekki fara fram úr 80% af meðalheildarkostnaði hitunar með oliukyndingu.

9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 5 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

III. KAFLI.

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur kr. 3 726.00 hverju sinni.

12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrimælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af borgarstjórn Reykjavíkur er hér með staðfest skv. 28. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 15. febr. 1979 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 270, 10. ágúst 1978.

Iðnaðarráðuneytið, 8. febrúar 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Jafet S. Ólafsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Reykjahlíðar nr. 231,
26. maí 1977, með síðari breytingum.

5. gr. hljóði þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a) Fastagjald kr. 30 950.00 á ári fyrir hvert hús.

b) Vatnsgjald kr. 130.00 á ári pr. m³. Þó skal reikna hálf gjald af bifreiða- og vélageymslum og óupphituðu rými í íbúðarhúsum.

Á gjöld þessi leggst söluskattur samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

7. gr. hljóði þannig:

Heimæðargjald Hitaveitu Reykjahlíðar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:
Hús allt að 300 m³ kr. 115 650.00.

Hús 300—2 000 m³ kr. 115 650.00 fyrir 300 m³ og kr. 101.00 á hvern rúmmetra þar yfir.

Öll gjöld í gjaldskrá þessari miðast við utanmál húsa. Stofngjald fyrir hvern aðrennslis hemil umfram einn á sama inntaki er kr. 15 525.00.

11. gr. hljóði þannig:

Hitaveita Reykjahlíðar hefur rétt til að loka aðrennslis heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun aðrennslis heita vatnsins og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, auk kr. 1 985.00 í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Skútustaðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 15. febrúar 1979 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 8. febrúar 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Jafet S. Ólafsson.